

## n eftir 4. bekk grunnskólans



Morgunblaðið/Eyþór

firvöldum í von um úrbætur fyrir Kjartan, son sinn.

# að fötluð erfisskóla

### Í HNOTSKURN

» Grunnskólabörnum Reykjavíkur stendur aðeins til boða lengd víðvera meðan þau eru í 1.–4. bekk.

» Í áfangaskýrslu starfshóps, sem fjallaði um möguleika á lengri víðveru fyrir fatlaða nemendur í 5.–10. bekk, er lagt til að gert verði bráðabirgðasamkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um að lengd víðvera fatlaðra grunnskólabarna verði tryggð áfram meðan á endurskoðun laga um málefni fatlaðra stendur yfir.

rgð áfram. g fæ best séð þá rfélög hins vegar nan um hver eigi í af þjónustunni,“ ndir á að verði æsta haust þurfi ða kona hans að nu til að geta. Að mati Ólafs er ið börn fá ekki au þurfa á að eta sótt sinn mikilvægt að u hverfi og eigi ðöldrum sínum í „Í staðinn er lt yfir á foreldrforeldrar fatlaðra rið fullir þátttakrkaði,“ segir

Ólafur og leggur jafnframt áherslu á mikilvægi lengdrar víðveru sem félagslegt úrræði til þess að sporna við félagslegri einangrun fatlaðra barna. Að sögn Ólafs er ljóst að sonur hans unir hag sínum afskaplega vel bæði í Foldaskóla og Regnbogalandi og því myndist þeim hjónum algjörlega óviðunandi efsónur þeirra neyddist til að skipta um skóla og væri með því rifinn úr félagahóp sínum og umhverfi sem hann þekkir.

Aðspurður segir Ólafur að engin önnur gæsluúrræði standi Kjartani til boða, því þó Óskjuhlíðarskóli bjóði upp á lengda víðveru til loka 10. bekkjar sé sú þjónusta aðeins ætluð börnum viðkomandi skóla. Segir hann þá þjónustu greidda til helminga af ríki og borg.

# Samstaða til sigurs!

Eftir Björn Bjarnason

**P**RÓFKJÖR minna á óvissuferð. Óvíst er hverjir taka þátt í þeim. Andstæðingar flokka leitast við að nýta prófkjörstímann til að koma illu af stað milli samherja sem þurfa eðli málsins samkvæmt að halda fram sínum hlut, stundum á kostnað annarra. Þá getur kosningahitinn orðið svo mikill í prófkjörbaráttunni, að upp úr sjóði og til verulegra vandræði komi innan flokka.

Nú dregur að lyktum prófskjörbaráttu okkar sjálfstæðismanna í Reykjavík. Hún tók óvænta stefnu í síðustu viku, þegar svo virtist sem andstæðingar Sjálfstæðisflokksins væru

teknir til við að hlutast þannig til um innri málefni flokksins, að þeir teldu sig geta valdið þar klofningi. Leikurinn snerist um að sá óvild milli fylgismanna okkar Geirs H. Haarde, formanns flokksins og forsætisráðherra, og til þess átti að nota öryggi Íslands, fjöregg þjóðarinnar.

Við svo búið var boðað til almenns fundar í Valhöll, þar sem við Geir H. Haarde ræddum öryggismálin, ytra og innra öryggi. Við gerðum



Björn Bjarnason

um grein fyrir farsælli niðurstöðu í viðræðunum við Bandaríkjamenn um varnarmálin og þeim ráðstöfunum, sem hafa verið gerðar til að efla lögreglu og landhelgisgæslu. Jafnframt sá Geir ástæðu til að

» ... andstæðingar sjálfstæðismanna á hinum pólitíska orrustuvelli óttast ekkert meira en öflugan, sameinaðan Sjálfstæðisflokk.

lýsa sérstöku trausti í minn garð og ég fagnaði hinu góða samstarfi okkar, frá því að hann varð flokksformaður og forsætisráðherra.

Með þessum fundi var hrundið aðför að Sjálfstæðisflokknum. Andstæðingar hans, einkum í Samfylkingunni, standa orðið svo illa málefnalega, að þeir hafa gefist upp við að lýsa nokkur byggist á því einu að geta komið lúalegu höggi á sjálfstæðismenn, formann þeirra og flokk. Þeim verður ekki kápan úr því klæðinu, ef við sjálfstæð-

ismenn stöndum þannig að ákvörðunum í prófkjörinu, að samstaða okkar sé sterk og öll-um ljós.

Ég geng til þessa prófkjörs undir kjörorðinu: Samstaða til sigurs!

Ég vel mér þetta kjörorð, af því að ég veit, að andstæðingar sjálfstæðismanna á hinum pólitíska orrustuvelli óttast ekkert meira en öflugan, sameinaðan Sjálfstæðisflokk. Sagan geymir mörg dæmi um ill orlög flokka, ef þeir verða sundurlyndi að bráð. Að láta eins og ekki sé ástæða til að taka mark á þeirri reynslu, er í besta falli barnaskapur.

Ég skora á sjálfstæðismenn í Reykjavík að fjölmenna á kjörstað og staðfesta samhug og samstöðu innan Sjálfstæðisflokksins með atkvæði sínu.

Höfundur er dóms- og kirkjumálaráðherra og sækist eftir 2. sæti á lista sjálfstæðismanna í Reykjavík.

## Norðurskautsráðið – samstarf í áratug um hagsmuni norðurskautssvæða

Eftir Sergei V. Lavrov og Jonas Gahr Støre

**U**M ÞESSAR mundir er áratugur liðinn síðan Norðurskautsráðið var stofnað en Bandaríkin, Danmörk, Finnland, Ísland, Kanada, Noregur, Rússland og Svíþjóð eiga aðild að því. Ráðið þróast stöðugt og eflist til góðra verka. Norðurskautsráðið er vettvangur um samstarf á öllum sviðum sjálfbærrar þróunar, allt frá efnahags- og umhverfismálum til þess hvernig best sé að mæta félagslegum þörfum íbúa á norðurskautssvæðum. Nú er ár liðið síðan Íslendingar fólu stjórn Norðurskautsráðsins í hendur Rússum á fundi þess í Reykjavík eftir vel heppnað formennskutímabil sem kom mörgum mikilvægum málum drjúgan spöl áleiðis. Rússar eftirláta svo Norðmönnum formennsku á ráðherrafundinum sem haldinn er í Salekhard dagana 25.–26. október í ár.

Sú mikla breyting hefur orðið á undanförunum áratugum að norðurskautssvæðið er ekki lengur í viðjum átaka kalda stríðsins heldur á sér þar stað fjölbjólegt samstarf á margvíslegum sviðum. Þegar unnið er að því að efla alþjóðlegan stöðugleika og öryggi gegnir samstarf yfir landamærin afar mikilvægu hlutverki en það er grundvöllur þess að hægt sé að finna lausnir á þeim vandamálum sem ógna norðurskautssvæðinu.

Rússar og Norðmenn líta ekki aðeins á norðurskautssvæðin í heild sinni sem landfræðilegt hugtak. Á norðurslóðum eru einnig miklir framtíðarmöguleikar. Á þessu svæði eru gríðarlegar náttúruauðindir, þar með talin bæði vetniskolefni og fiskur. Umheimurinn hefur allur mikla

þörf fyrir þessar auðindir en það þarf að vinna þær og nýta með mikilli aðgæslu. Hlifa verður bæði dýra- og gróðurlífi heimskaútssvæðisins vegna þess að verði þessi viðkvæmu vistkerfi fyrir tjóni hefur það áhrif um heim allan. Síðast en ekki síst ber samfélag þjóðanna ábyrgð á því að rúmlega 40 þjóðir frumbyggja á norðurslóðum geti áfram búið við sitt og haldið í tungumál sín, menningu og þær einstöku hefðir sem mótað þar sem ytri aðstæður eru jafn erfiðar og raun ber vitni.

Helstu verkefnið sem við okkur blasa á norðurskautssvæðinu eiga það sameiginlegt að ná yfir öll landamæri. Þau verða einungis leyst með öflugum alþjóðlegu samstarfi.



Sergei V. Lavrov



Jonas Gahr Støre

notað formennskutímabil sitt til þess að koma í gang jákvæðri þróun og að hrinda í framkvæmd mikilvægrar starfsemi sem kemur bæði norðurslóðum Rússlands og öllum norðurskautslöndunum til góða.

Sjálfbær þróun hefur verið forgangsverkefni. Með því er átt við það að finna rétt jafnvægi milli umhverfismála, efnahagsmála og félagslegrar þróunar. Íbúar á norðurslóðum eiga rétt á viðhlítandi lífsskilyrðum og ómenguðu umhverfi ásamt aðgangi að nútíma-menntu, heilsgæslu og hefðbundinni félagslegri þjónustu.

Rússar hafa í ljósi þessa einbeitt sér á formennskutímabili sínu að því að koma í gang aðgerðaáætlun um sjálfbæra þróun sem byggist á fjölda raunhæfra verkefna í tengslum við efnahagsmál, félagsleg málefni og umhverfismál. Rússar hafa

» Helstu verkefnið sem við okkur blasa á norðurskautssvæðinu eiga það sameiginlegt að ná yfir öll landamæri. Þau verða einungis leyst með öflugum alþjóðlegu samstarfi.

jafnframt gefið út aðgerðaáætlun á landsvísi til varnar mengun í haf. Hafist hefur verið handa um fjölda alþjóðlegra verkefna í samstarfi við samþök frumbyggja á svæðinu með það fyrir augum að útrýma viðvarandi efnamengun.

Heilsgæsluverkefni á norðurslóðum hafa fengið fjárhagslegan stuðning, þar með taldar fjarskiptalækningar (telemedisin) og stofnun lækna miðstöðvar sérfræðinga. Samstarf hefur verið aukið með það fyrir augum að vinna að forvörnum gegn áföllum af mannavöldum og bregðast við þeim ásamt því að hafa eftirlit með geislavirkri mengun. Rússar hafa einnig komið á laggirnar nýju samstarfssviði um menningarstarfsemi sem ætlað er að varðveita menningu frumbyggja á norðurslóðum. Um það ríkir einnig fullt samkomulag innan Norðurskautsráðsins að fjalla um orkugeirann með það að markmiði að koma á samstarfi um sjálfbæra nýtingu á olíu- og gasauðlindum.

Norðurskautsráðið hefur lýst yfir auknum áhyggjum sínum af þeim loftslagsbreytingum sem óttast er að verði en líka þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað. Loftslagsbreytingar eru alvarleg ógnun við allt líf á jörðinni en áhrif þeirra koma fyrst fram á norðurskautssvæðum. Rússar hafa á formennskutímabili sínu lagt mikla áherslu á niðurstöður úr umfangsmiklu mati á áhrifum loftslagsbreytinga á norðurslóðum (The Arctic Climate Impact Assessment), rannsókn sem unnin var á vegum Norðurskautsráðsins. Niðurstöður þessarar rannsóknar hafa djúpstæð áhrif á alla starfsemi vinnuhópanna sex sem ráðið skipaði.

Að okkar mati hefur mikill

árangur náðst. Norðmenn hafa fengið góðan grundvöll til að byggja starfsemi sína á þegar norsk yfirvöld taka við formennsku. Áfram verður lögð áhersla á sjálfbæra þróun og loftslagsbreytingar. Norðmenn munu leggja áherslu á að lýsa því á raunsannan hátt og á grundvelli nýjustu gagna hverju sinni hvaða loftslagsbreytingar vofa yfir og hvaða framtíðarverkefni bíða okkar á norðurslóðum. Afla þarf frekari upplýsinga til þess að búa sig undir áhrif loftslagsbreytinga á norðurskautssvæðinu og afla skilnings á því hvaða áhrif loftslagsbreytingar á norðurslóðum hafa á önnur heimssvæði. Okkur ber að þróa frekar samstarf um að safna gögnum um loftslagsmál á norðurslóðum og túlka þau.

Einnig verður lögð mikil áhersla á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda á formennskutímabili Norðmanna. Í meginreglunni um nýtingu á forsendum vistkerfisins felst að engin starfsemi manna, til dæmis fiskveiðar, flutningar og olíu- og gasvinnsla, megi skaða vistkerfið. Þannig nýting tryggir langvarandi og sjálfbæra efnahagslega þróun og jafnvægi á milli hinna ýmsu atvinnuvega. Noregur miðar starf sitt við Nýtingaráætlun Barentshafs og reynslu annarra landa á norðurslóðum. Danir og Svíar fylgja svo í fótspor Norðmanna með formennsku í Norðurskautsráðinu næstu tvö tímabil þá á eftir. Ríkin Þrjú eru sammála um að samræma áætlanir sínar á tímabilinu 2006–2012.

Norðurskautsráðið getur nú litíð um öxl á starfsemi sína í heilan áratug. Fjölmörgum verkefnum hefur verið komið á laggirnar og verið er að vinna að nýjum verkefnum sem vekja bjartsýni. Rússar og Norðmenn sjá nú þegar fram á mörg samstarfssvið sem lofa góðu og geta komið til framkvæmda síðar meir. Starfsemi Norðurskautsráðsins byggist engu að síður áfram á hagnýtum verkefnum sem gagnast eiga íbúum á norðurslóðum sem best.

Sergei V. Lavrov er utanríkisráðherra Rússlands. Jonas Gahr Støre er utanríkisráðherra Noregs.